

## AUGLÝSING

### um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

#### 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á miðað við kr/kg. Þó skal samanlagður tollur, jöfnunargjald og jöfnunartollur aldrei vera hærri en 46 % af tollverði vara í vörulið 1806 og aldrei hærri en 37 % af tollverði vara í vörulið 1905.

Tollskrárn.	kr/kg	Tollskrárn.	kr/kg
1806.2009	51	1905.3011	29
1806.3101	53	1905.3019	16
1806.3109	53	1905.3021	49
1806.3202	51	1905.3029	38
1806.3203	20	1905.3030	11
1806.3209	20	1905.4000	27
1806.9002	17	1905.9011	68
1806.9003	50	1905.9019	9
1806.9005	56	1905.9020	4
1806.9006	50	1905.9040	77
1806.9007	51	1905.9051	99
1806.9009	51	1905.9059	63
1905.2000	59	1905.9090	86

#### 2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu jöfnunartolls skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

#### 3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á honum í ríkissjóð eftir fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

#### 4. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987, öðlast gildi 25. júní 1993 og gildir til 31. júlí 1993. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 117/1993.

*Fjármálaráðuneytið, 23. júní 1993.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Ingibjörg Þorsteinsdóttir.*